

*Aðalfundur Keflavíkur  
íþróttá- og ungmennafélags*

2010

*Skýrsla og reikningar*



*Fimmtudaginn 25. febrúar kl. 20:00*



## Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>2</b>
<b>Dagskrá</b> .....	<b>4</b>
<b>1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2009-2010</b> .....	<b>5</b>
1.1 Aðalstjórn, verkaskipting og fundir .....	5
<b>2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar</b> .....	<b>5</b>
2.1 Ritnefnd.....	5
2.2 Laganefnd .....	5
2.3 Sögunefnd.....	5
2.4 Landsmótsnefnd .....	5
2.5 Bygginganefnd v/nýs félagsheimilis að Sunnubraut.....	5
<b>3.0 Störf aðalstjórnar</b> .....	<b>6</b>
3.1 Frá síðasta aðalfundi .....	6
3.2 Stjórnarfundir .....	6
3.3 Af störfum aðalstjórnar .....	6
3.4 Rekstrarsamningar.....	7
3.5 Ábyrgð aðalstjórnar gagnvart deildum félagsins .....	7
3.6 Forvarnardagurinn .....	7
3.7 Útgáfumál.....	7
3.8 Framkvæmdarstjóri félagsins .....	8
<b>4.0 80 ára afmæli félagsins</b> .....	<b>8</b>
<b>5.0 Félagsheimili Keflavíkur</b> .....	<b>8</b>
<b>6.0 Betri deild / betra félag</b> .....	<b>8</b>
<b>7.0 Landsmót og unglingslandsmót UMFÍ</b> .....	<b>8</b>
7.1 26. Landsmót UMFÍ Akureyri 9. – 12. júlí 2009 .....	8
7.2 12. Unglingslandsmót UMFÍ á Sauðárkróki 31. júlí – 2. ágúst 2009 ....	9
7.3 13. Unglingslandsmót UMFÍ í Borganesi 31. júlí – 2. ágúst 2010 .....	9
<b>8.0 Bæjaryfirvöld</b> .....	<b>9</b>
<b>Lokaorð</b> .....	<b>9</b>
<b>9.0 Íþróttamaður/menn og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2009</b> .....	<b>10</b>



# KEFLAVÍK íþrótt- og ungmennafélag

Ársskýrsla 2009

9.1 Íþróttamaður Keflavíkur 2009 Hörður Axel Vilhjálmsson.....	10
9.2 Íþróttamenn Keflavíkur 2009 .....	10
9.3 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2009.....	11
<b>10.0 Starfsbikar Keflavíkur 2008 Björn Víkingur Skúlason.....</b>	<b>11</b>
<b>11.0 Gull-, Silfur-, brons-, heiðursmerki og starfsbikar. ....</b>	<b>12</b>
11.1 Gullmerki.....	12
11.2 Silfurmerki .....	12
11.3 Bronsmerki.....	13
11.3 Bronsmerki frh.....	14
11.4 Gullheiðursmerki .....	14
11.5 Silfurheiðursmerki .....	15
11.6 Starfsbikar Keflavíkur .....	15
<b>12.0 Reikningar félagsins 2009.....</b>	<b>16</b>
12.1 Áritun reikninga .....	17
12.2 Rekstrarreikningur árið 2009.....	18
12.3 Efnahagsreikningur 31. desember 2009 .....	19
12.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2009.....	20
12.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2009 frh. ....	21
12.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2009 frh. ....	22
12.5 Endurmats- og fyrningarskýrsla eigna 2009.....	23
12.6 Samstæðureikningur félagsins 2009.....	24
12.7 Skýringar með ársreikningi.....	25
12.8 Fjárhagsáætlun 2010 .....	26
12.8 Fjárhagsáætlun 2010 frh.....	27



Aðalfundur 25. febrúar 2010 haldinn í  
félagsheimili Keflavíkur Hringbraut 108  
kl. 20:00

## Dagskrá

1. Fundarsetning.
2. a) Kosinn fundarstjóri.  
b) Kosinn fundarritari.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
4. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
5. a) Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir skoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar.  
b) Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
6. Ávarp gesta.
7. Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar.
8. Lagabreytingar sbr. 7. gr. og 10. gr.

Heiðursviðurkenningar.  
Kaffiveitingar.

9. Kosinn formaður.
10. Kosnir 4 menn í stjórn.
11. Kosnir 3 menn í varastjórn.
12. Kosnir 2 skoðunarmenn og einn til vara.
13. Kosning fastra nefnda sem aðalfundur ákveður.
14. Ákveðið félagsgjald og ævifélagagjald.
15. Önnur mál.
16. Fundarslit.



## 1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2009-2010

### 1.1 Aðalstjórn, verkaskipting og fundir

Einar Haraldsson	formaður	sat 19	fundi
Kári Gunnlaugsson	v.formaður	sat 18	fundi
Pórður Magni Kjartansson	gjaldkeri	sat 19	fundi
Sigurvin Guðfinnsson	ritari	sat 16	fundi
Birgir Ingibergsson	meðstjórnandi	sat 17	fundi
Sveinn Adolfsson	varastjórn	sat 17	fundi
Guðjón Axelsson	varastjórn	sat 13	fundi
Bjarney S. Snævarsdóttir	varastjórn	sat 20	fundi

## 2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar

### 2.1 Ritnefnd

Framkvæmdarstjóri félagsins sá um útgáfumálin.

Markmið Miðla upplýsingum til fólks um félagið með útgáfu á jólablaði félagsins.

### 2.2 Laganefnd

Einar Haraldsson, Birgir Ingibergsson og Unnar Steinn Bjarndal.

Markmið Viðhalda lögum félagsins.

### 2.3 Sögunefnd

Sigurvin Guðfinnsson og Bjarney S. Snævarsdóttir

Markmið Koma sögu félagsins á prent sem kom út á áttatíu ára afmæli félagsins. Eðvarð T. Jónsson skrifaði sögu félagsins.

### 2.4 Landsmótsnefnd

Einar Haraldsson og Bjarney S. Snævarsdóttir auk fulltrúa deilda.

Markmið Undirbúa þátttöku keppenda á landsmótum UMFÍ.

### 2.5 Bygginganefnd v/nýs félagsheimilis að Sunnubraut

Aðalstjórn félagsins

Markmið Vinna að hönnun nýs félagsheimilis ásamt bæjaryfirvöldum og fulltrúum þeirra. Gæta hagsmuna félagsins og koma þörfum félagsins til skila.



### 3.0 Störf aðalstjórnar

#### 3.1 Frá síðasta aðalfundi

Formaður og stjórn var endurkjörin á síðasta aðalfundi og skipti með sér verkum eins og sjá má hér að framan. Á aðalfundinum var Starfsbikar félagsins veittur Birni Víkingi Skúlasyni áhugamanni um körfuknattleik. Veitt voru starfsmerki, Gull fyrir fimmtán ára stjórnarsetu í fyrsta sinn þeim Einari Haraldssyni aðalstjórn, Kára Gunnlaugssyni aðalstjórn, Birgir Ingibergssyni sund og aðalstjórn og Jónasi Þorsteinssyni badmintondeild. Silfur fyrir tíu ára stjórnarsetu þeim Sveini Adolffssyni aðalstjórn, Guðsveini Ólafi Gestssyni körfuknattleiksdeild, Grétari Ólasyni knattsp.- og körfuknattleiksdeild og Dagbjörtu Ýr Gylfadóttur badmintondeild. Brons fyrir fimm ára stjórnarsetu þeim Þóru Gunnarsdóttur taekwondodeild, Evu Björk Sveinsdóttur, Herdísi Halldórsdóttur og Sveinbjörgu Sigurðardóttur fimleikadeild, Eiríki Ásgeirssyni skotdeild, Guðmundi Jóni Bjarnasyni sunddeild, Ingunni Gunnlaugsdóttur og Kristjáni Þór Karlssyni badmintondeild, Oddi Sæmundssyni knattspyrnudeild, Einari H. Aðalbjörnssyni sund- og knattspyrnudeild. Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ afhenti Rannveigu Ævarsdóttur formanni taekwondodeildar skjal um áframhaldandi vottun um fyrirmyndardeild til næstu fjöggra ára, einnig afhenti hann Einari Haraldssyni skjal um vottun fyrir félagið í heild sinni til næstu fjöggra ára. Helga Guðrún Guðjónsdóttir formaður UMFÍ sæmdi Lilju Dögg Karlsdóttur starfsmerki UMFÍ. Silfurheiðursmerki var veitt þeim Jóhanni Gunnarssyni knattspyrnudómara og Kristni Óskarssyni körfuknattleiksdómara.



Helga G. Guðjónsdóttir formaður UMFÍ, Jónas Þorsteinsson, Birgir Ingibergsson, Kári Gunnlaugsson, Einar Haraldsson og Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ

#### 3.2 Stjórnarfundir

Alls hélt stjórnin 20 bókaða fundi á árinu. Stjórnarmenn sátu ýmsa vinnufundi í tengslum við verkefni ársins. Stjórnarmenn hafa líka skipt með sér verkum og verið tengiliðir við starfandi nefndir. Fastur fundartími aðalstjórnar hefur verið annan hvern fimmtudag frá kl. 17:00-19:00. Varamenn hafa verið mjög duglegir að mæta á fundina eins og sjá má hér að framan og hafa þeir tekið virkan þátt í störfum aðalstjórnar og ákvarðanatöku. Stjórnarfundir eru opnir deildum félagsins og hefur stjórnin hvatt forystumenn deilda til þess að nýta sér að flytja mál sín í upphafi stjórnarfunda. Umræður hafa verið málefnalegar á stjórnarfundum og starfsandi góður.

#### 3.3 Af störfum aðalstjórnar

Einar Haraldsson formaður sótti samráðsfund UMFÍ sem haldinn var á Hótel KEA Akureyri 9. – 10. maí. Kristján Guðmundsson þjálfari meistaraflokks karla knattspyrnu sæmdur Silfurheiðursmerki félagsins í hófi knattspyrnudeildar 26. september 2009. 46. Sambandsþing UMFÍ var haldið í Fjölbrautarskóla Suðurnesja 10. – 11. október. Keflavík átti sjö fulltrúa. Einar Haraldsson var kjörinn þingforseti þingsins og Kári Gunnlaugsson var formaður kjörnefndar. Einar Haraldsson var endurkjörinn í aðalstjórn UMFÍ og á sæti í framkvæmdastjórn, auk þess að sitja í nokkrum nefndum á vegum UMFÍ. Kári Gunnlaugsson sat í forvarnarnefnd UMFÍ, Bjarney S. Snævarsdóttir situr í fræðslunefnd UMFÍ, einnig situr Bjarney í stjórn Sundsambands Íslands og er gjaldkeri þess. Sigurbjörn Gunnarsson er í rekstrarnefnd Þrastalundar og byggingarnefnd aðalstöðva UMFÍ. Ársþing Íþróttabandalags Reykjanesbæjar var haldið 10. nóvember í félagsheimili Keflavíkur. Jóhann B. Magnússon var endurkjörinn sem formaður. Einar Haraldsson varaformaður IRB gaf ekki kost á sér eftir tíu ára stjórnarsetu í bandalaginu og var Kári Gunnlaugsson kjörinn í hans stað og var síðan kjörinn varaformaður á fyrsta stjórnarfundum IRB. Aðalstjórn bauð til samsætis 29. desember í félagsheimili okkar þar sem kjöri á íþróttamanni og mönnum Keflavíkur 2009 var lýst. Við þetta tækifæri var Jón R. Jóhannsson forstöðumanni Sundmiðstöðvar heiðraður með Silfurheiðursmerki félagsins og færður borðféni félagsins á stöng ásamt eintaki af áttíu ára sögu félagsins og Jóni þakkað samferðin á undanförunum árum. Jón lét af störfum um áramótin.



Jón R. Jóhannsson og Einar Haraldsson



### **3.4 Rekstrarsamningar**

Menningarráð gerði samning við aðalstjórn félagsins ásamt UMFN um framkvæmd á hátíðardagskrá 17. júní. Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson og Sveinn Adolfsson báru hita og þunga af undirbúningnum af hálfu félagsins. Einar Haraldsson var skipaður framkvæmdarstjóri 17. júní-nefndar. Þetta verkefni er komið í fastar skorður og hafa umsjónarmenn okkar lagt ríka áherslu á gott samstarf við UMFN og þá aðila hjá bænum sem tengjast málinu.

Íþrótt- og tómstundaráð gerði samning við aðalstjórn félagsins um að starfrækja íþrótt- og leikjaskóla. Var skólinn starfræktur fimmtánda árið í röð með svipuðu sniði og áður. Mikill metnaður hefur verið lagður í undirbúning og framkvæmd skólans. Sótt var um styrk í velferðasjóð barna og fengum við styrk að upphæð fjögurhundruð þúsund krónur sem gerði okkur kleift að lækka þátttökugjöldin um helming eða aðeins þrjúþúsund og fimmhundruð krónur að auki fengu börnin einn ávöxt á dag sem Nettó styrkti okkur um. Aðsókn á fyrra námskeið í leikjaskólanum var nokkuð góð en mætti vera betri á seinna námskeiðinu. Strax að loknu starfinu s.l. sumar var unnin vegleg skýrsla um starfsemina sem skilað var til íþrótt- og tómstundaráðs, en hana er að finna á heimasíðu félagsins undir aðalstjórn. Umsjónarmaður leikjaskólans var framkvæmdastjóri félagsins og starfsmenn voru þær Rut Sigurðardóttir og Sæunn Sæmundsdóttir.

Aðalstjórn fékk fimmtán hundruð þúsund krónur í rekstrarstyrk á árinu 2009 vegna félagsheimilis Keflavíkur Hringbraut 108.

### **3.5 Ábyrgð aðalstjórnar gagnvart deildum félagsins**

Rekstur deilda er misjafn og fer eftir umfangi deilda. Allar deildir hafa lokið sínum aðalfundi og eru flestar deildir reknar réttu megin við núllið og er það mjög gott. Aðalstjórn félagsins er ábyrg fyrir skuldum deilda sinna samkvæmt 3. gr. reglugerðar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar.

### **3.6 Forvarnardagurinn**

Forvarnardagur var haldinn í öllum grunnskólum landsins 30. september. Forvarnardagurinn er að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Keflavík tók þátt í þessu verkefni í þriðja sinn og fór Einar Haraldsson í Heiðarskóla sem fulltrúi félagsins. Á Forvarnardaginn er lögð megináhersla á að koma því til skila sem áratugalangar rannsóknir íslenskra fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík hafa sýnt að skili mestum árangri í forvörnum gegn fíkniefnum:

1. Að foreldrar og ungmenni verji sem mestum tíma saman.
2. Að börn og unglingar taki þátt í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.
3. Að ungmenni fresti því sem lengst að hefja neyslu áfengis.

### **3.7 Útgáfumál**



Jólablaðið kom út í desember og var stjórn félagsins ánægð með útkomuna en blaðið var tuttugu og fjórar síður. Opnu viðtal var við Zoran Daníel Ljubicic knattspyrnuþjálfar. Jólablaðið undirstrikar víðtæka starfsemi félagsins. Nú var blaðið annað árið í röð nánast án auglýsinga, en sú ákvörðun var tekin af hálfu aðalstjórnar að fara ekki út í að safna auglýsingum í blaðið sökum þess efnahagsástands sem er í þjóðfélaginu heldur að bera þann kostnað sjálf í þeirri von að deildir félagsins fengju að njóta þeirra styrkja sem fyrirtæki hefðu úr að spila. Blaðinu var dreift í öll hús í Reykjanesbæ og sá fimleikadeildin um að dreifa blaðinu.

Heimasíða félagsins og deilda er orðin öflug. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið og deildir þess. Dagatalið auðveldar foreldrum og áhugafólki um íþróttir að fylgjast með hvað er að gerast í félaginu. Fundagerðir aðalstjórnar eru settar inná heimasíðuna undir aðalstjórn. Slóð heimasíðunnar er: <http://www.keflavik.is>

Rafrænan póst til félagsins á að senda á [keflavik@keflavik.is](mailto:keflavik@keflavik.is)





## 3.8 Framkvæmdarstjóri félagsins

Einar Haraldsson er framkvæmdarstjóri Keflavíkur og hefur gegnt því starfi síðan 1. maí 1999. Deildum félagsins stendur til boða að láta framkvæmdarstjórnann færa bókhaldið og reikna launin. Auk þess hefur framkvæmdarstjóri verið deildum innan handar við hin ýmsu verkefni.

## 4.0 80 ára afmæli félagsins

Keflavík Íþrótt- og ungmennafélag fagnaði 80 ára afmæli sínu 29. september. Á sjálfan afmældisdaginn var boðið til veislu í íþróttahúsinu við Sunnubraut B-sal. Öllum okkar iðkendum og velunnurum var boðið að koma og þiggja veitingar. Um kvöldið var öllum stjórnarmönnum ásamt mökum boðið til samsætis í félagsheimili okkar. 4. október var svo sögusýning félagsins opnuð að viðstöddum gestum og 80 ára saga félagsins kynnt. Við opnunina fékk félagið nokkrar gjafir. Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari ÍSÍ sæmdi þá Einar Haraldsson og Kára Gunnlaugsson Gullmerki ÍSÍ og þá Birgir Ingibergsson og Jónas Þorsteinsson Silfurmerki ÍSÍ. Sögusýningin var opin í þrjár vikur og var aðsóknin góð, um 500 manns komu á sögusýninguna sem var hin glæsilegasta.



Kári Gunnlaugsson, Einar Haraldsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari ÍSÍ Jónas Þorsteinsson og Birgir Ingibergsson

## 5.0 Félagsheimili Keflavíkur

Til stóð að félagið fengi nýtt og glæsilegt félagsheimili í byrjun september 2009 og afmæli félagsins yrði fangað í nýja félagsheimilinu. Áhrif af efnahagsástandinu sá fyrir því að svo varð ekki. Miðað við þær upplýsingar sem við höfum þá stendur til að félagsheimilið verði tilbúið í apríl - maí 2010.

## 6.0 Betri deild / betra félag

Keflavík Íþrótt- og ungmennafélag varð fyrst allra fjölgreinafélaga til að hljóta viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag en það var 15. apríl 2003 sem þrjár deildir hlutu þessa viðurkenningu. Allar deildir félagsins, sem eiga þess kost, hafa hlotið gæðaviðurkenningu ÍSÍ. Þessi viðurkenning er mikils virði fyrir hverja deild og félagið í heild sinni sem segir að íþróttastarfið innan Keflavíkur sé rekið eftir ákveðnum gæðakröfum. Viðurkenningin er veitt til fjöggra ára í senn og hafa deildir uppfært handbókina og fengið nýja vottun frá ÍSÍ til næstu fjöggra ára. eru þá allar deildir félagsins búnar að fá vottun öðru sinni fyrir utan skotdeild, en nú er komið unglingsstarf þar og þeir eru að vinna að handbókinni um betri deild.

Keflavík er því fyrsta fjölgreinafélagið til að hljóta þessa vottun í annað sinn.




Rannveig Ævarsdóttir formaður taekwondo og Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ

## 7.0 Landsmót og unglingslandsmót UMFÍ

### 7.1 26. Landsmót UMFÍ Akureyri 9. – 12. júlí 2009

26. Landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri og var mótið tileinkað eittundrað ára afmæli Landsmóta. Mótið var sögulegt því eittundrað ár voru liðin ár frá því að fyrsta Landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri. Þessara tímamóta var minnst á ýmsan hátt í tengslum við landsmótið. Landsmót UMFÍ eru fjölmennustu íþróttamót á Íslandi. Þetta var fjórða Landsmót UMFÍ á Akureyri. Fyrri mót voru árið 1909, 1955 og 1981.

Keppnisgreinar til stiga voru: Fimleikar, Skák, Íþróttir fatlaðra, Starfsíþróttir, Skotfimi, Körfuknattleikur, Siglingar, Knattspyrna, Júdó, Handknattleikur, Hestaíþróttir, Glíma, Dans, Bridge, Blak, Borðtennis, Badminton, Frjálsar íþróttir, Golf og Sund. Keppnisgreinar án stiga eru: Íþróttir eldri ungmennafélaga, Mótocross, Taekwondo, Sjósund, Maraðon (og styttri vegalengdir) og Fjallabrun (hjólreiðakeppni). Aðalstjórn félagsins lagði ríka áherslu á að okkar iðkendur fjölmenntu á Landsmótið á Akureyri. Sett var á laggirnar landsmótsnefnd sem sá um undirbúningi. Að þessu sinni var ekki mikil þátttaka frá okkur því miður, en tuttugu og fjórir keppendur voru frá félaginu.



Íþróttasvæðið við Hamar miðpunktur landsmótsins





## **7.2 12. Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki 31. júlí – 2. ágúst 2009**

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki dagana 31. júlí – 2. ágúst 2009. Mótið heppnaðist vel í alla staði. Félagið hefur aldrei átt svo marga keppendur en þeir voru að þessu sinni áttú og stóðu þeir sig allir vel. Sett var upp sameiginlegt tjald sem var samastaður þeirra sem tóku þátt í mótinu. Unglingalandsmótin hafa sannað gildi sitt og er orðin stærsta og ódýrasta samkoman um verslunarmannhelgi. Aðalstjórn færir fulltrúum ungingalandsmótsnefndar þakkir fyrir gott starf.



Hressar stelpur á ungingalandsmóti í sumar

## **7.3 13. Unglingalandsmót UMFÍ í Borganesi 31. júlí – 2. ágúst 2010**

Stjórn UMFÍ hefur endurúthlutað 13. ungingalandsmótinu sem átti að fara fram í Grundarfirði 2010 og eru það UMSB með mótstað í Borganesi sem halda 13. ungingalandsmót UMFÍ 2010.

Aðalstjórn hvetur deildir félagsins til að senda iðkendur á mótið og senda fjölmennt lið til þátttöku. Undanfarin ár þá hefur aðalstjórn greitt þáttökugjöldin. Þetta er skemmtilegasta útihátíð sem völ er á um verslunarmannahelgi.

## **8.0 Bæjaryfirvöld**

Aðalstjórn hefur átt gott samstarf við bæjaryfirvöld. Bæjarfulltrúum er vel ljóst hversu mikilvæg starfsemi íþróttahreyfingarinnar er í Reykjanesbæ. „Reykjanesbær Íþróttabær“ er stefnumörkun sem þarf að endurspegla sameiginlegan vilja íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda, enda líklega unnin með hliðsjón af markmiðum UMFÍ, ÍSÍ og menninga- og menntamálaráðuneytis. Fagna ber þeirri uppbyggingu á íþróttamannvirkjum sem hefur verið hér í bæjarfélaginu á síðustu árum og framtíðin er björt með tilkomu nýja íþróttasvæðisins sem rís fyrir aftan Reykjaneshöllina og nýs félagsheimilis félagsins að Sunnubraut.

## **Lokaorð**

Aðalstjórn vill þakka öllum velunnurum félagsins, stjórnarmönnum deilda og foreldrum fyrir dugnað og fórnfúst starf til eflingar íþróttastarfsins innan Keflavíkur.

*Einar Haraldsson formaður  
Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags*



## 9.0 Íþróttamaður/menn og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2009

### 9.1 Íþróttamaður Keflavíkur 2009 Hörður Axel Vilhjálmsson



Einar Haraldsson og Hörður Axel Vilhjálmsson

Hörður Axel Vilhjálmsson er byrjunarliðsmaður í sterku liði Keflavíkur sem slegið var út af Íslandsmeisturum KR í fjögurra liða úrslitum tímabilsins 2008-2009. Gríðarleg góð fyrirmynd íþróttamanna í líkamlegu atgervi, leggur mikið á sig við æfingar, er með gríðarlegan sprengikraft og hraða, er ósérhlífinn og mikill liðsmaður. Hefur sýnt mikinn vilja í að ná langt og á að baki leiki sem atvinnumaður þrátt fyrir ungan aldur. Á að baki 16 A landsliðsleiki fyrir Íslandshönd á árunum 2007-9 og mun eflaust vera framtíðar landsliðsmaður Íslands.

### 9.2 Íþróttamenn Keflavíkur 2009

<b>Knattspyrnumaður:</b>	<b>Símun Eiler Samuelson</b>
<b>Körfuknattleiksmaður:</b>	<b>Hörður Axel Vilhjálmsson</b>
<b>Fimleikamaður:</b>	<b>Berglind Björk Sveinbjörnsdóttir</b>
<b>Sundmaður:</b>	<b>Birkir Már Jónsson</b>
<b>Badmintonmaður:</b>	<b>Margrét Vala Kjartansdóttir</b>
<b>Skotmaður:</b>	<b>Árni Pálsson</b>
<b>Taekwondomaður:</b>	<b>Antje Muller</b>



Mynd frá vinstri:  
Linda Gunnarsdóttir f.h. Birkis Jónssonar sundi,  
Antje Muller taekwondo, Berglind Björk  
Sveinbjörnsdóttir fimleikum, Hörður Axel  
Vilhjálmsson körfu, Hólmur Örn Rúnarsson f.h.  
Símun Eiler Samuelson knattspyrnu og Einar  
Haraldsson. Á myndina vantar Árna Pálsson skoti og  
Margéti Völu Kjartansdóttur



### **9.3 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2009**

## **163 Íslandsmeistarar KEFLAVÍKUR 2009**

#### **Frjálsar íþróttir 3**

##### **Knattspyrna: fjöldi 50**

3.flokkur karla 7.manna lið.  
Old Boys 30 ára og eldri.

##### **Karfa: fjöldi 82**

1. deild kvenna  
Unglingaflokkur karla  
Stúlknaflokkur  
10. flokkur kvenna  
8. flokkur kvenna.  
7. flokkur kvenna.  
MB. kvenna 11 ára.  
MB. kvenna 10 ára.

##### **Fimleikar: fjöldi 4**

##### **Sund: fjöldi 16**

##### **Taekwondo: fjöldi 8**

### **10.0 Starfsbikar Keflavíkur 2008 Björn Víkingur Skúlason**



Björn Víkingur Skúlason og Einar Haraldsson

Björn Víkingur Skúlason hefur starfað mikið innan íþróttahreyfingarinnar, þó einkum innan körfunnar. Hefur ávalt verið boðinn og búinn að aðstoða og hefur synt fjáröflunarhliðinni nú síðustu árin og hefur verið betri en enginn í þeim efnunum. Á leikjum í körfuknattleiksdeildar Keflavíkur þá er hann að setja upp og taka niður skilti. Allar deildir væru stoltar að hafa slíkan mann innanborðs hjá sér.



## 11.0 Gull-, Silfur-, brons-, heiðursmerki og starfsbikar.

### 11.1 Gullmerki

*Gullmerki Keflavíkur er veitt fyrir 15 ára stjórnarsetu.*

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09**

Einar Haraldsson	aðalstjórn
Kári Gunnlaugsson	aðalstjórn
Birgir Ingibergsson	aðalstjórn- sund
Jónas Þorsteinsson	badmintondeild

### 11.2 Silfurmerki

*Silfurmerki Keflavíkur er veitt fyrir 10 ára stjórnarsetu.*

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29. febrúar '04**

Einar Haraldsson	aðalstjórn
Kári Gunnlaugsson	aðalstjórn
Birgir Ingibergsson	aðalstjórn- sund
Jónas Þorsteinsson	badmintondeild

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 21. febrúar '05**

Rúnar Arnarson	knattspyrnudeild
----------------	------------------

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '06**

Árni Pálsson	skotdeild
Sesselja Birgisdóttir	badmintondeild
Sigurvin Guðfinnsson	aðalstjórn
Þórður Magni Kjartansson	aðalstjórn

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07**

Þorgrímur St. Árnason	körfuknattleiksdeild
Guðjón Axelsson	aðalstjórn

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08**

Birgir Már Bragason	körfuknattleiksdeild
Bjarney S. Snævarsdóttir	aðalstjórn

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09**

Sveinn Adolfsson	Aðalstjórn
Guðsveinn Ólafur Gestsson	Körfuknattleiksdeild
Grétar Ólason	Knattsp.- körfuknattleiksdeild
Dagbjört Ýr Gylfadóttir	Badmintondeild



### 11.3 Bronsmerki

*Bronsmerki Keflavíkur er veitt fyrir 5 ára stjórnarsetu.*

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24. febrúar '99**

Einar Haraldsson	aðalstjórn
Kári Gunnlaugsson	aðalstjórn
Birgir Ingibergsson	aðalstjórn- sund
Sigurvin Guðfinnsson	aðalstjórn
Hildur Kristjánsdóttir	aðalstjórn
Erla Sveinsdóttir	körfuknattleiksdeild
Jóhanna Kr. Guðbjartsdóttir	körfuknattleiksdeild
Guðmundur Þórðarson	knattspyrnudeild
Karítas Sigurvinsdóttir	fímleikadeild
Gunnar H. Jóhannsson	badmintondeild
Viðar Guðjónsson	badmintondeild
Jónas Þorsteinsson	badmintondeild
Þorsteinn Þorsteinsson	badmintondeild

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29. febrúar '00**

Rúnar Arnarson	knattspyrnudeild
Páll Guðmundsson	skotdeild
Guðmundur Brói Sigurðsson	íþróttir fyrir alla
Bryndís Skúladóttir	fímleikadeild

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '01**

Þórður Magni Kjartansson	aðalstjórn
Grétar Ólafsson	knattspyrnudeild
Þorgrímur St. Árnason	körfuknattleiksdeild
Árni Pálsson	skotdeild
Ingiber Óskarsson	keiludeild
Ólafur Örn Ingibergsson	fímleikadeild
Ólöf Sveinsdóttir	fímleikadeild
Guðmundur Sighvatsson	knattspyrnudeild

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 18. febrúar '02**

Birgir Þór Runólfsson	knattspyrnudeild
Jón B. Olsen	knattspyrnudeild
Sigurbjörg Guðmundsdóttir	fímleikadeild
Sesselja Birgisdóttir	badmintondeild

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '03**

Guðjón Axelsson	aðalstjórn
Þorsteinn Magnússon	knattspyrnudeild
Birgir Már Bragason	körfuknattleiksdeild
Guðrún Sigurðardóttir	fímleikadeild
Bjarney S. Snævarsdóttir	sunddeild
Halldór Þórólfsson	sunddeild
Jón Ingiberg Kristjánsson	badmintondeild
Guðni Pálsson	skotdeild

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29. febrúar '04**

Sveinn Adolfsson	aðalstjórn
Guðsveinn Ólafur Gestsson	körfuknattleiksdeild
Heimir Sigursveinsson	sunddeild
Dagbjört Ýr Gylfadóttir	badmintondeild



## KEFLAVÍK íþrótt- og ungmennafélag

Ársskýrsla 2009

### 11.3 Bronsmerki frh.

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 21. febrúar '05**

Erlingur Hannesson	knattspyrnudeild
Hrannar Hólm	körfuknattleiksdeild
Lilja Karlsdóttir	badmintondeild
Rúnar Georgsson	körfuknattleiksdeild

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '06**

Einar Skaftason	körfuknattleiksdeild
Gunnar Jóhannsson	körfuknattleiksdeild
Hermann Helgason	körfuknattleiksdeild
Níels Hermannsson	sunddeild
Árni Leifsson	skotdeild
Geir Gunnarsson	skotdeild

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07**

Elín Kjartansdóttir	sunddeild
Klemen Sæmundsson	sunddeild
Sigríður Björnsdóttir	sunddeild
Ólafur Birgir Bjarnason	knattspyrnudeild
Halldór Leví Björnsson	knattspyrnudeild
Hjörleifur Stefánsson	knattspyrnudeild
Þorsteinn Marteinnsson	skotdeild

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08**

Jón S. Ólafsson	körfu-knattspyrnudeild
Særún Guðjónsdóttir	körfuknattleiksdeild
Jónína S. Helgadóttir	fimleikadeild
Ásgeir Svan	skotdeild

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09**

Oddur Sæmundsson	knattspyrnudeild
Einar H. Aðalbjörnsson	sund-knattspyrnudeild
Eva Björk Sveinsdóttir	fimleikadeild
Herdís Halldórsdóttir	fimleikadeild
Sveinbjörg Sigurðardóttir	fimleikadeild
Guðmundur Jón Bjarnason	sunddeild
Ingunn Gunnlaugsdóttir	Badmintondeild
Kristján Þór Karlsson	Badmintondeild
Eiríkur Ásgeirsson	Skotdeild
Þóra Gunnarsdóttir	Taekwondodeild

### 11.4 Gullheiðursmerki

#### **Veitt í fyrsta sinn á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07**

Geirmundur Kristinsson sparisjóðstjóri Sparisjóðsins í Keflavík

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08**

Hafsteinn Guðmundsson fyrrum formaður IBK og ungmennafélagi.





## KEFLAVÍK íþrótt- og ungmennafélag

Ársskýrsla 2009

### 11.5 Silfurheiðursmerki

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08**

Ástráður Gunnarsson      Rúnar Arnarsson  
Gísli Hlynur Jóhannsson      Hafsteinn Ingibergsson  
Ragnar Örn Pétursson

#### **Veitt í hófi aðalstjórn í Duushúsum 02. maí '08**

Sigurður Ingimundarson

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09**

Jóhann Gunnarsson  
Kristinn Óskarsson

#### **Veitt í hófi knattspyrnudeildar 26. september '09**

Kristján Guðmundsson

#### **Veitt á kjöri íþróttamanns Keflavíkur 29. desember '09**

Jón R. Jóhannsson

### 11.6 Starfsbikar Keflavíkur

*Er veittur til þess félagsmanns sem skilað hefur miklu starfi í þágu félagsins.*

#### *Gefandi VMFÍ*

Erla Sveinsdóttir	1999
Sigurður Valgeirsson	2000
Guðmundur Þórðarson	2001
Karítas Sigurvinsdóttir	2002
Hildur Kristjánsdóttir	2003
Sigurbjörn Gunnarsson	2004
Kristín Kristjánsdóttir	2005
Jón Kr. Magnússon	2006
Linda Gunnarsdóttir	2006
Þórólfur Þorsteinsson	2007
Björn Víkingur Skúlason	2008



KEFLAVÍK íþróttá- og ungmennafélag  
Ársskýrsla 2009

## 12.0 Reikningar félagsins 2009

# Ársreikningur Keflavíkur íþróttá- og ungmennafélags 2009




*Áðalfundur 25. febrúar 2010*




## 12.1 Áritun reikninga


Keflavík, 15. 02. 2010

Ársreikninginn fyrir Keflavík íþróttá- og ungmennafélag árið 2009 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins sem var fært á skrifstofu þess. Ársreikningurinn hefur að geyma Rekstrarreikning ársins 2009, Efnahagsreikning 31.12.2009 ásamt sundurliðunum, skýringum og fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.


  
Þórður M. Kjartansson,  
gjaldkeri.

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn reikninga félagsins, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2009 og leggjum til að hann verði samþykktur.


  
Hörður Ragnarsson


  
Jón Ólafur Jónsson


Aðalstjórn Keflavíkur 2009:


  
Einar Haraldsson, formaður


  
Sigurvin Guðfinnsson, ritari


  
Birgir Ingibergsson, meðstjórnandi

  
Guðjón Axelsson, varastjórn,

  
Kári Gunnlaugsson, varaform.

  
Þórður M. Kjartansson, gjaldkeri,

  
Sveinn Adolfsson, varaþjórn,

  
Þjarney S. Snævarsdóttir, varastj.



## 12.2 Rekstrarreikningur árið 2009

### REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2009

	Sndrl.:	Árið 2009	Árið 2008
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Framlög og styrkir.....	(1)	10.074.944	8.314.376
Tekjur af mótum.....	(2)	1.296.500	1.910.000
Auglýsingatekjur.....	(3)	223.188	745.811
Húsa- & lóðarleigutekjur.....	(4)	618.960	638.860
Aðrar tekjur.....	(5)	2.397.996	2.392.222
		<u>14.611.588</u>	<u>14.001.269</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Yfirstjórn.....	(6)	8.449.706	8.007.689
Þjálfun & kennsla.....	(7)	414.414	433.073
Íþróttaleg viðskipti.....	(8)	1.748.671	6.646.036
Kynning, fræðsla & útbreiðsla.....	(9)	8.316.745	1.091.139
Rekstur mannvirkja.....	(10)	748.123	576.162
Afskriftir og önnur gjöld.....		4.873.660	4.926.963
		<u>24.551.319</u>	<u>21.681.062</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði:		(9.939.731)	(7.679.793)
<b>Fjármagnsliðir:</b>			
Fjármunatekjur.....		5.477.508	9.305.849
Fjármunagjöld.....		(716.244)	(1.012.673)
		<u>4.761.264</u>	<u>8.293.176</u>
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi.....		<u>(5.178.467)</u>	<u>613.383</u>



## 12.3 Efnahagsreikningur 31. desember 2009

### EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2009

#### EIGNIR:

	Sndrl.:	31.12.2009	31.12.2008
<b>Fastafjármunir:</b>			
Fasteignir og lóðir.....	(11)	50.436.800	48.020.400
Áhöld og tæki.....	(12)	385.831	499.621
		<u>50.822.631</u>	<u>48.520.021</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Viðskiptamenn.....	(13)	13.807.540	19.572.559
Verðbréf & eignarhlutar.....	(15)	6.826.204	5.962.127
Handbært fé.....	(16)	30.923.899	31.955.701
		<u>51.557.643</u>	<u>57.490.387</u>
Eignir alls		<u>102.380.274</u>	<u>106.010.408</u>

#### EIGIÐ FÉ OG SKULDIR :

		31.12.2009	31.12.2008
<b>Eigið fé:</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	(17)	103.366.326	106.128.393
Eigið fé alls		<u>103.366.326</u>	<u>106.128.393</u>
<b>Skuldir:</b>			
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Önnur skuldabréf.....	(18)	0	0
Næsta árs afborgun.....	(14)	0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Ógr. Virðisaukaskattur (óinnheimtur).....	(20)	(986.052)	(117.985)
Næsta árs afborgun skuldabréfa.....		0	0
		<u>(986.052)</u>	<u>(117.985)</u>
Skuldir alls.....		<u>(986.052)</u>	<u>(117.985)</u>
Eigið fé og skuldir alls:		<u>102.380.274</u>	<u>106.010.408</u>



## 12.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2009

### 1. Framlög og styrkir:

Lóttótekjur frá ÍSÍ.....	3.218.170
Lottótekjur frá UMFÍ.....	3.731.774
Styrkir v/sýningar/bókar/leikjaskóla.....	1.625.000
Styrkir RNB (félagsheimili Keflavíkur).....	1.500.000
Framlög og styrkir samtals:	<u>10.074.944</u>

### 2. Tekjur af mótum:

Styrkur RNB v/ leikjaskóla.....	950.000
Tekjur af leikjaskóla.....	346.500
Tekjur af mótum samtals:	<u>1.296.500</u>

### 3. Auglýsingatekjur:

Auglýsingatekjur af 17. Júní bæklingi.....	4.000
Auglýsingatekjur af jólablaði.....	219.188
Auglýsingatekjur samtals:	<u>223.188</u>

### 4. Húsa- & lóðarleigutekjur:

Lóðarleigutekjur vegna Heiðarenda.....	618.960
Húsa- & lóðarleigutekjur samtals:	<u>618.960</u>

### 5. Aðrar tekjur:

Tekjur vegna 17. júní.....	1.202.085
Sala á K-fánum.....	14.500
Sala á Söguriti félagsins.....	308.411
Sjálfbóðaliðavinna vegna stjórnunar.....	873.000
Aðrar tekjur samtals:	<u>2.397.996</u>

### 6. Yfirstjórn:

Laun.....	5.591.592
Tryggingargjald v/yfirstjórnunar.....	379.288
Lífeyrissjóðsframl. 8%.....	523.157
Félagsgj.....	83.894
Funda- & þingkostnaður.....	28.600
Námskeiðskostnaður.....	56.253
Skrifstofukostnaður - Pappír, prentur, ritf.....	76.581
Skrifstofukostnaður - Sími.....	270.679
Skrifstofukostnaður - R. tölvukerfis.....	152.880
Skrifstofukostnaður - viðh. Áhalda.....	9.462
Skrifstofukostnaður - kaffistofa.....	302.906
Skrifstofukostnaður - burðargjöld.....	41.414
Aðalfundur félagsins.....	60.000
Sjálfbóðaliðavinna vegna stjórnunar.....	873.000
Yfirstjórn samtals:	<u>8.449.706</u>

### 7. Þjálfun & kennsla:

Laun þjálfara.....	362.980
Tryggingargjald þjálfara.....	22.396
Lífeyrissjóðsframl. V/þjálfara.....	29.038
Þjálfun & kennsla samtals:	<u>414.414</u>





## 12.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2009 frh.

### 8. Íþróttaleg viðskipti:

Kostn. V/samskipta v/önnur samtök.....	61.990
Kostn. V/samskipta v/deildir.....	160.000
Kostn. V/Landsmóts UMFÍ.....	857.325
Verðlaun.....	145.348
Kostnaður vegna leikjaskóla.....	208.917
Aðrir styrkir til deilda innan félagsins.....	315.091
Íþróttaleg viðskipti samtals:	<u>1.748.671</u>

### 9. Kynning, fræðsla & útbreiðsla:

Jólablað - Pappír, prentun, útburð og annar kostnaður	874.350
Annar kynningarkostnaður - heimsíða, fánar ofl.....	633.961
Kostnaður vegna sögusýningar.....	152.327
Saga félagsins - prentun og ritlaun.....	6.324.786
80 ára afmæli félagsins.....	331.321
Kynning, fræðsla & útbreiðsla samtals:	<u>8.316.745</u>

### 10. Rekstur mannvirkja:

Orkureikn, hiti & rafmagn.....	202.761
Tryggingar.....	128.082
Þjófa og brunaviðvörðunarkerfi.....	237.006
Lyklasmíði.....	1.708
Ræsting að Hringbraut 108.....	120.000
Hreinlætisvörur.....	58.566
Rekstur mannvirkja samtals:	<u>748.123</u>

### 11. Fasteignir:

Hringbraut 108.....	38.057.600
Heiðarendi .....	12.379.200
Fasteignir samtals:	<u>50.436.800</u>

### 12. Áhöld & tæki:

Áhöld & tæki (skrifstofubúnaður).....	385.831
Áhöld & tæki samtals:	<u>385.831</u>

### 13. Viðskiptamenn:

Knattspyrnudeild.....	7.803.840
Körfuknattleiksdeild.....	5.203.880
Jólablað útistandandi.....	283.820
17. júnibækl. útistandandi.....	16.000
Reykjanesbær v/félagsheimilis.....	500.000
Viðskiptamenn samtals:	<u>13.807.540</u>

### 15. Verðbréf & eignarhlutar:

Sparibréf Landsbankans.....	6.826.204
Verðbréf & eignarhlutar samtals:	<u>6.826.204</u>



## **12.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2009 frh.**

### **16. Handbært fé:**

Tékkar. 1109-26-132.....	2.045.412
Áskriftarreikningur 1109-18-91029.....	23.776.855
Glitnir 542-14-601047.....	506.563
Landsb. Ísl. Landsbók 0142-15-383939.....	4.595.069
Handbært fé samtals:	<u>30.923.899</u>

### **17. Óráðstafað eigið fé:**

Óráðstafað frá fyrra ári.....	106.128.393
Endurmat eigna ársins.....	2.416.400
Afkoma ársins.....	(5.178.467)
Óráðstafað eigið fé samtals:	<u>103.366.326</u>

### **20. Ógr. virðisaukaskattur:**

Ógr.(Óinnheimtur) Virðisaukaskattur.....	<u>(986.052)</u>
Ógr. virðisaukaskattur samtals:	<u>(986.052)</u>

**12.5 Endurmats- og fyrningarskýrsla eigna 2009**

Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

Kt. 590794-2019

Endurmats- og fyrningarskýrsla eigna

2009

Aðalstjórn

Heiti/teg.eignar	Ár.	Bókfært í reikn. 2007	Brunabótamat 2008	Bókfært í reikn. 2008	Brunabótamat 2009	Verðbr. 31/12 2009	Fyrn.- hlf.	Almenn fyrning	Aðrar fyrningar	Fyrningar alls	Bókf.verð
Hringbraut 108	73	28.908.800	45.054.000	36.043.200	47.572.000	2.014.400					38.057.600
Heiðarendi - lóð	00	11.047.800	0	11.977.200		402.000					12.379.200
<b>Áhöld og tæki:</b>											
Skjávurpi+tilheyrandi	02	95.682		76.546			20%	15.309			61.237
Heimabíó + DVD	02	32.590		26.072			20%	5.214			20.858
Compac talva + prentari	02	49.705		39.764			20%	7.953			31.811
HP fartalva	05	102.349		81.879			20%	16.376			65.503
HP borðtalva	05	94.720		75.776			20%	15.155			60.621
HP compac - fundarherbergi	08	166.389		133.111			20%	26.622			106.489
Gagnahýsing	08	22.900		18.320			20%	3.664			14.656
Ljósritunarvél Konica	00	20.586		15.435			25%	3.859			11.571
Penninn borð í sal	02	33.884		13.554			60%	8.132			5.422
Stólar 38 stk.	00	47.900		19.160			60%	11.496			7.664
		40.623.305	45.054.000	48.520.017	47.572.000	2.416.400		113.781	0	0	50.822.631

Bókfært mat á fasteignum er 80% af brunabótamati.

Bókfært mat á lóð er afgangskvaðarverðmæti sem er 20 föld lóðarleiga ársins.

**12.6 Samstæðureikningur félagsins 2009**

REKSTRARREIKN 31.12.2009	Deildir	Aðalstjórn	Badminton	Fimleikar	Taekwondo	Knattspyrna	Karfa	Skotdeild	Sunddeild	Samtals
<b>TEKJUR</b>	Framlög & styrkir	10.074.944	596.746	42.464.232	774.091	81.832.726	18.664.685	1.707.500	8.620.997	164.735.921
	Tekjur af mótum	1.296.500	174.285	503.530		7.431.935	1.338.500	33.000	574.581	11.352.331
	Auglýsingatekjur	223.188	0	0		7.747.056	0	0	0	7.970.244
	Húsa & vallaleigutekjur	618.960	1.175.760	6.745.860	2.317.820	24.906.000	18.303.952	0	6.898.285	60.966.637
	Aðrar tekjur	2.397.996	97.225	14.504.190	3.313.115	19.838.938	2.844.236	404.700	3.489.619	46.890.019
	<b>Tekjur alls</b>	<b>14.611.588</b>	<b>2.044.016</b>	<b>64.217.812</b>	<b>6.405.026</b>	<b>141.756.655</b>	<b>41.151.373</b>	<b>2.145.200</b>	<b>19.583.482</b>	<b>291.915.152</b>

GJÖLD	Deildir	Aðalstjórn	Badminton	Fimleikar	Taekwondo	Knattspyrna	Karfa	Skotdeild	Sunddeild	Samtals
	Yfirstjórn	8.449.706	35.754	2.777.320	394.025	7.834.872	669.444	133.960	1.224.629	21.519.710
	Þjálfun & kennsla	414.414	573.472	13.836.077	2.279.953	23.814.686	7.465.540	0	8.549.255	56.933.397
	Íþróttaleg viðskipti	1.748.671	293.085	3.038.585	388.834	78.760.704	10.766.084	12.940	1.107.222	96.116.125
	Kynning, fræðsla & útbreiðsla	8.316.745	10.000	200.031	486.832		437.000	0	14.900	9.465.508
	Rekstur mannvirkja	748.123	1.175.760	6.756.520	2.317.820	37.015.010	19.624.578	3.037.186	6.898.285	77.573.282
	Önnur gjöld	4.873.660	3.256	3.187.036		4.688.174	764.613	600.259	2.339.888	16.456.886
	Fjármagnsliðir (tekjur)	(4.761.264)	3.965	(621.445)	(5.662)	3.355.170	707.226	(123.862)	(339.371)	(1.785.243)
	<b>Gjöld alls</b>	<b>19.790.055</b>	<b>2.095.292</b>	<b>29.174.124</b>	<b>5.861.802</b>	<b>155.468.616</b>	<b>40.434.485</b>	<b>3.660.483</b>	<b>19.794.808</b>	<b>276.279.665</b>

	<b>AFKOMA</b>	<b>(5.178.467)</b>	<b>(51.276)</b>	<b>35.043.688</b>	<b>543.224</b>	<b>(13.711.961)</b>	<b>716.888</b>	<b>(1.515.283)</b>	<b>(211.326)</b>	<b>15.635.487</b>
--	---------------	--------------------	-----------------	-------------------	----------------	---------------------	----------------	--------------------	------------------	-------------------

**EFNAHAGSREIKNINGUR  
31.12.2009**

EIGNIR	Deildir	Aðalstjórn	Badminton	Fimleikar	Taekwondo	Knattspyrna	Karfa	Skotdeild	Sunddeild	Samtals
	Fasteignir	50.436.800	0	0				0	0	50.436.800
	Áhöld og tæki	385.831	0	36.650.918	400.000	1.225.681	676.000	1.883.049		41.221.479
	Kröfur & birgðir	13.807.540	0	0		9.881.062		68.470	1.565.889	25.322.961
	Verðbréf & eignarhlutar	6.826.204	0	0		6.310.000			0	13.136.204
	Handbært fé	30.923.899	526.126	12.475.156	1.803.626	4.489.887	1.624.245	931.583	5.114.203	57.888.725
	<b>Eignir alls</b>	<b>102.380.274</b>	<b>526.126</b>	<b>49.126.074</b>	<b>2.203.626</b>	<b>21.906.630</b>	<b>2.300.245</b>	<b>2.883.102</b>	<b>6.680.092</b>	<b>188.006.169</b>
EIGIÐ FÉ & SKULDIR:		Aðalstjórn	Badminton	Fimleikar	Taekwondo	Knattspyrna	Karfa	Skotdeild	Sunddeild	Samtals
	Eigið fé:	103.366.326	526.126	49.126.074	2.203.626	(18.306.014)	(10.428.488)	2.883.102	6.313.205	135.683.957
	Langtímaskuldir	0	0	0			10.468.314	0	0	10.468.314
	Skammtímaskuldir	(986.052)	0	0		40.212.644	2.260.419	0	366.887	41.853.898
	<b>Eigið fé &amp; skuldir alls</b>	<b>102.380.274</b>	<b>526.126</b>	<b>49.126.074</b>	<b>2.203.626</b>	<b>21.906.630</b>	<b>2.300.245</b>	<b>2.883.102</b>	<b>6.680.092</b>	<b>188.006.169</b>



## **12.7 Skýringar með ársreikningi**

### Skýringar með ársreikningi Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags árið 2009

1. Ársreikningur Keflavíkur *íþrótt- og ungmennafélags* er gerður með sömu aðferðum og áður.
2. Fasteign félagsins er bókfærð á 80% af brunabótamati eins og gert hefur verið frá upphafi.
3. Lóð félagsins er bókfærð á 20 földu afgjaldskvaðarverðmæti lóðarleigu.
4. Félagið á sparibréf, í formi bréfasafns, tryggt með innlendum skuldabréfum.
5. Aðalstjórn félagsins er í ábyrgðum fyrir yfirdráttarlánnum deilda utan ársreiknings aðalstjórnar eins og hér segir:

	Upphafl. Ábyrgð:	Staða 31/12 '09	
Körfuknattleiksdeild	5.800.000	3.675.690	L.Í. Kef.
Knattspyrnudeild	2.200.000	645.845	Spkef.

Um aðrar ábyrgðir hefur ekki verið fjallað í aðalstjórn félagsins og ekki hefur verið veitt leyfi til skuldsetningar deilda umfram það sem að ofan er getið.



## 12.8 Fjárhagsáætlun 2010

<b>1. Framlög og styrkir:</b>	<b>Árskýrsla 2009</b>	<b>Áætlun 2010</b>
Lóttótekjur frá ÍSÍ.....	3.218.170	3.300.000
Lóttótekjur frá UMFÍ.....	3.731.774	3.800.000
Styrkir RNB (félagsheimili Keflavíkur).....	1.500.000	750.000
Framlög og styrkir samtals:	8.449.944	7.850.000
<b>2. Tekjur af mótum:</b>		
Styrkur RNB v/ leikjaskóla.....	950.000	950.000
Tekjur af leikjaskóla.....	346.500	420.000
Tekjur af mótum samtals:	1.296.500	1.370.000
<b>3. Auglýsingatekjur:</b>		
Auglýsingatekjur af 17. Júní bæklingi.....	4.000	476.000
Auglýsingatekjur af jólablaði.....	219.188	600.000
Auglýsingatekjur samtals:	223.188	1.076.000
<b>4. Húsaleigutekjur:</b>		
Lóðarleigutekjur vegna Heiðarenda.....	618.960	700.000
Húsaleigutekjur samtals:	618.960	700.000
<b>5. Aðrar tekjur:</b>		
Tekjur vegna 17. júní.....	1.202.085	1.200.000
Aðrar tekjur.....	322.911	600.000
Styrkir vegna sýningar/bókar/leikjaskóla.....	1.625.000	500.000
Sjálfbóðaliðavinna vegna stjórnunar.....	873.000	960.300
Aðrar tekjur samtals:	4.022.996	3.260.300
<b>Rekstrartekjur alls:</b>	<b>14.611.588</b>	<b>14.256.300</b>

### **REKSTRARGJÖLD**

<b>6. Yfirstjórn:</b>		
Laun.....	5.591.592	6.150.751
Tryggingargjald v/yfirstjórnunar.....	379.288	417.217
Lífeyrissjóðsframl. 8%.....	523.157	575.473
Félagsgj.....	83.894	92.283
Funda- & aðalfundarkostnaður.....	83.894	92.283
Kaffiveitingar á fundum.....	28.600	31.460
Námskeiðskostnaður.....	56.253	61.878
Skrifstofukostnaður - Pappír, prentur, ritf.....	76.581	84.239
Skrifstofukostnaður - Sími.....	270.679	297.747
Skrifstofukostnaður - R. tölvukerfis.....	152.880	168.168
Skrifstofukostnaður - viðh. Áhalda.....	9.462	10.408
Skrifstofukostnaður - kaffistofa.....	302.906	333.197
Skrifstofukostnaður - burðargjöld.....	41.414	45.555
Aðalfundur félagsins.....	60.000	66.000
Sjálfbóðaliðavinna vegna stjórnunar.....	873.000	960.300
Yfirstjórn samtals:	8.533.600	9.386.960





## 12.8 Fjárhagsáætlun 2010 frh.

### 7. Þjálfun & kennsla:

Laun þjálfara.....	362.980	399.278
Tryggingargjald þjálfara.....	22.396	24.636
Lífeyrissjóðsframl. V/þjálfara.....	29.038	31.942
Þjálfun & kennsla samtals:	414.414	455.855

### 8. Íþróttaleg viðskipti:

	Árskýrsla 2009	Áætlun 2010
Kostn. V/samskipta v/önnur samtök.....	61.990	100.000
Kostn. V/samskipta v/deildir.....	160.000	160.000
Kostn. V/unglinga Landsmóts UMFÍ.....	0	220.000
Kostn. V/ Landsmóts UMFÍ.....	857.325	
Verðlaun.....	145.348	100.000
Kostnaður vegna leikjaskóla.....	208.917	250.000
Styrkir til deilda innan félagsins.....	315.091	330.000
Íþróttaleg viðskipti samtals:	1.748.671	1.160.000

### 9. Kynning, fræðsla & útbreiðsla:

Jólablað - Pappír, prentun, útburð og annar kostnaður...	874.350	961.785
Kostnaður vegna sögusýningar.....	152.327	0
Annar kynningarkostnaður - heimsíða, fánar ofl.....	633.961	360.000
Ritun sögu Keflavíkur íþróttta- og ungmennafélags.....	6.324.786	0
80 ára afmæli Keflavíkur íþróttta- og ungmennafélags.....	331.321	0
Kynning, fræðsla & útbreiðsla samtals:	8.316.745	1.321.785

### 10. Rekstur mannvirkja:

Orkureikn, hiti & rafmagn.....	202.761	223.037
Tryggingar.....	128.082	140.890
Þjofa og brunaviðvörðunarkerfi.....	237.006	260.707
Lyklasmíði.....	1.708	
Ræsting að Hringbraut 108.....	120.000	132.000
Hreinlætisvörur.....	58.566	64.423
Rekstur mannvirkja samtals:	748.123	821.057

### 11. Afskriftir:

Afskriftir.....	4.873.660	4.800.000
Afskriftir samtals:	4.873.660	4.800.000

### 12. Fjármagnsliðir:

Fjármunatekjur.....	5.477.508	4.500.000
Fjármunagjöld.....	(716.244)	(810.000)
Fjármagnsliðir samtals:	4.761.264	3.690.000

### Rekstrargjöld samtals:

19.873.949	14.255.657
------------	------------

### Afkoma ársins:

(5.262.361)	643
-------------	-----